

það verð, sem framleiðendur fá endanlega fyrir vöruna, og er þá þeim, sem greiðslu-**199**  
skyldan hvílir á, skylt að gera endanleg skil á greiðslum til sjóðsins þá þegar, er **28. nóv.**  
vitað er um fullnaðarverð vörunnar til framleiðenda, þ. e. að greiða eftirstöðvar,  
ef vangreitt var í fyrstu, og krefjast endurgreiðslu, ef þá var ofgreitt. Á sama hátt  
er þeim skylt og rétt að leiðrétta skýrslur sínar um vörumagn og verð, ef þær reyn-  
ast ekki réttar við endurskoðun.

## 8. gr.

Innheimtum gjöldum skal skilað til ríkisféhirðis eigi síðar en einum mánuði  
eftir að þau komu innheimtumanni í hendur, sbr. 1. gr. auglýsingar nr. 82/1929,  
um opinber reikningskil.

## 9. gr.

Búnaðarmálasjóður skal vera í vörzlu Búnaðarfélags Íslands, sem hefur á hendi  
alla stjórn hans og reikningshald.

Fé sjóðsins skal verja til stuðnings og eflingar sameiginlegum nauðsynja-  
málum bændastéttarinnar samkvæmt ákvörðun Búnaðarþings, enda komi sam-  
þykki landbúnaðarráðherra til.

## 10. gr.

Reikninga sjóðsins skal birta árlega í B-deild Stjórnartíðinda og í Búnaðar-  
ritinu, endurskoðaða af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.

## 11. gr.

Verði ágreiningur um skilning á ákvæðum reglugerðar þessarar, sker land-  
búnaðarráðherra úr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftir-  
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 28. nóvember 1945.*

**Pétur Magnússon.**

*Gunnl. E. Briem.*

## AUGLÝSING

varðandi innheimtu skemmtanaskatts árið 1946.

**200**

31. des.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 116/1945 til þess að inn-  
heimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum  
skemmtunum með 20% álagi árið 1946.

Leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna eru undan-  
þegnar skattaúkanum.

*Í menntamálaráðuneytinu, 31. desember 1945.*

**Brynjólfur Bjarnason.**

*Birgir Thorlacius.*